



## Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Landhótel, fimmtudaginn 4. maí 2023 kl. 13:00.

### Setning aðalfundar

Katrín Ó. Sigurðardóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og lagði til að Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra yrði fundarstjóri og Nejra Mesetovic fundaritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri opnar fundinn og lætur vita að ekki bárust önnur framboð en frá sitjandi fulltrúum í stjórn svo ekki fara fram kosningar á fundinum.

### Yfirlit ársins 2022 og áherslur 2023

Ragnhildur Sveinbjarnadóttir framkvæmdastjóri MSS, fór yfir hlutverk Áfangastaðastofu ásamt því hvert virði hagaðila er fyrir starfsemi MSS. Farið var yfir starfsemina árið 2022 en þá fór hún yfir helstu verkefni ársins 2023 og hvað væri framundan, s.s. varðandi Upplifdu.is og virkni þess, myndabankann í Brandcenter og aðrar helstu markaðsaðgerðir á bæði viðskipta- og neytendamörkuðum. Ragnhildur fór yfir tölfraði tengda vef og samfélagsmiðlum. Farið var yfir Mannamót 2022 og aðrar sýningar og vinnustofur sem MSS sótti.

Vala Hauksdóttir, verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar, tók til máls og fór yfir ferli og gerð Eldfjallaleiðarinnar. Hún fór yfir hvaðan hugmyndin kom, hvernig vinnustofurnar fóru fram og hverjar niðurstöður þeirra voru.

[Hér er hægt að skoða kynningu framkvæmdastjóra.](#)

### Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2022

Katrín Ó. Sigurðardóttir, formaður stjórnar, kynnti lykiltölur ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2022. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með um 1,6 milljóna tapi. Megin ástæða þess var hærri launakostnaður á árinu auk aukins kostnaðar vegna bókhalds og sýninga.

Ekki komu fram spurningar vegna ársreiknings.

### Stjórn og skoðunarmenn ársreiknings kynnt

Enginn framboð bárust fyrir aðalfund 2023 og því voru núverandi stjórnarmenn sjálfkjörnir áfram og engar breytingar gerðar á stjórn. Framkvæmdastjóri kynnti stjórnina.

### Stjórn skipa:

Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Ásgerður Kristín Gylfadóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Grétar Ingi Erlendsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Katrín Ó. Sigurðardóttir - Visit South Iceland ehf.  
Geir Gígja – Ferðamálasamtök Suðurlands  
Guðmundur Fannar Vigfússon - Ferðamálasamtök Suðurlands

**Varamenn:**

Íris Heiður Jóhannsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu  
Ása Valdís Árnadóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Árni Eiríksson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Engilbert Olgeirsson - Visit South Iceland ehf.  
Dóróthea Ármann – Ferðamálasamtök Suðurlands  
Erla Þórdís Traustadóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

**Skoðunarmenn reikninga**

Aðalmenn:

Eydís Þ. Indriðadóttir  
Laufey Sif Lárusdóttir

Varamenn:

Valtýr Valtýsson  
Pétur Viðar Kristjánsson

[Afhending viðurkenningar fyrir Sprotta ársins 2022](#)

Þessi liður hefur verið hluti af kvölddagskrá sem hefur verið aflýst vegna dræmar skráningar en ákveðið var að afhenda viðurkenningu og í ár hlaut Mr.Iceland þau verðlaun.

[Önnur mál](#)

Formaður stjórnar þakkar fyrir góðan fund, þakkar starfsfólki og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 14.30